

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. júní 1974

sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi, verslunar með og dreifingar á eiturefnum og vegna starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni, að meðtalinni starfsemi milliliða

(74/556/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 54. (2. mgr.), 57., 63. (2. mgr.), 66. og 235. gr.,

með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti ⁽¹⁾, einkum annarri og þriðju málsgrein V. bóls,með hliðsjón af hinn almennu áætlun um afnám hafta á rétti til þjónustustarfsemi ⁽²⁾, einkum annarri og þriðju málsgrein VI. bóls,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitu Evrópuþingsins ⁽³⁾,með hliðsjón af álitu af efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽⁴⁾,*og að teknu tilliti eftirfarandi:*

Auk ákvæða um afnám hafta hafa hinar almennu áætlanir að geyma ákvæði um að athugað verði hvort á undan, eftir eða samhliða afnámínu ætti að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, og samræmingu ákvæða laga og stjórnsýslufyrirmæla vegna umræddrar starfsemi,

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 32/62.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 63, 28. 5. 1969, bls. 21.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 10, 27. 1. 1970, bls. 23.

og hvort grípa þurfi til bráðabirgðaráðstafana þar til af slíkri viðurkenningu eða samræmingu verður. Enn fremur kveða ákvæðnar tilskipanir ráðsins sem fjalla um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu, á um samþykkt tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu hvað varðar starfsemi á sviði verslunar og dreifingar eiturefna og starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni.

Einkum tilskipun ráðsins 64/427/EBE ⁽⁵⁾ frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluviðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk) og tilskipun 68/366/EBE ⁽⁶⁾ frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) útiloka ekki notkun eiturefna við iðkun þeirrar starfsemi sem þær taka til. Bráðabirgðaráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessum tilskipunum gilda einnig um notkun slíkra efna ef umrædd starfsemi krefst þess.

Hvað varðar starfsemi á sviði verslunar og dreifingar eiturefna og starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni, að meðtalinni starfsemi milliliða, hafa ákvæðin aðildarríki af og til krafist þess af einstaklingum er iðka

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. 117, 23. 7. 1964, bls. 1863/64.⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 260, 22. 10. 1968, bls. 12.

einhverja þessa starfsemi að þeir búi yfir ákveðinni hæfni sem sanna verður með formlegri menntun og hæfi eða prófskírteinum, aftur á móti gera önnur aðildarríki ekki sérstakar kröfur heldur láta nægja að setja sérstök skilyrði um meðferð og geymslu eiturefna. Því er ekki unnt að koma samtímis á samræmingunni sem kveðið er á um og afnámi misréttis. Samræmingin tekur því gildi síðar.

Jafnvel þótt ekki sé unnt að koma strax á samræmingu, er engu að síður æskilegt að auðvelda fólki að fá staðfesturétt og rétt til þjónustustarfsemi hvað varðar þá starfsemi sem um ræðir með því að taka upp bráðabirgðaráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í hinum almennu áætlunum. Tilgangur þessa er einkum að koma í veg fyrir að ríkisborgarar aðildarríkja þar sem slík starfsemi er engum skilyrðum háð lendi í verulegum erfiðleikum.

Til þess að afstýra slíkum erfiðleikum ættu bráðabirgðaráðstafanirnar fyrst og fremst að felast í því að meta starfsreynslu í tiltekinn lágmarkstíma í landinu sem hlutaðeigandi aðili kemur frá, hafi ekki of langt um liðið frá því hennar var aflað, sem fullnægjandi undirbúning fyrir því að hefja starfsemi á því sviði sem hér um ræðir í gistiríkjum sem setja reglur um slíka starfsemi, enda búi hann yfir sambærilegri fagþekkingu og kraftist er af innlendum aðilum með tilliti til hættulegra áhrifa eiturefna á heilbrigði manna, dýra og plantna beint eða óbeint úr umhverfinu.

Ef höfð eru í huga mismunandi einkenni eiturefna og hve mismikil eituráhrif þeirra eru með tilliti til heilbrigðis manna, dýra og plantna, getur þekking á áhrifum einhvers þessara efna eða reynsla í meðferð þeirra ekki talist næg sönnun fyrir hæfni til að dreifa eða nota önnur eða öll slík efni í atvinnuskyni. Af þeim sökum verður gistiríki að hafa vald til að takmarka gildissvið bráðabirgðaráðstafana við efni sem hafa sömu samsetningu eða hafa sömu áhrif á heilbrigði manna, dýra og plantna, annaðhvort beint eða óbeint úr umhverfinu.

Þegar skilyrði til að hefja eða stunda umrædda starfsemi er einnig háð almennri, viðskipta- eða fagþekkingu eða hæfni þegar um er að ræða launþega í aðildarríkjum ætti þessi tilskipun einnig að gilda um þennan hóp einstaklinga til þess að greiða fyrir frjálsum flutningum launþega og vera

þannig viðbót við ráðstafanir reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 ⁽¹⁾ frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

Ákvæði um meðmæli og sannanir fyrir því að hlutaðeigandi hafi ekki orðið gjaldþrota ættu af sömu ástæðu að gilda um launaða starfsmenn.

Ekki verður lengur þörf fyrir þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun þegar skilyrði fyrir því að hefja og stunda slíka starfsemi hafa verið samræmd og gagnkvæmri viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annarrar formlegrar menntunar og hæfi hefur verið komið á.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkjum ber að grípa til þeirra bráðabirgðaráðstafana á yfirráðasvæðum sínum sem kveðið er á um í þessari tilskipun hvað varðar staðfestu eða þjónustustarfsemi einstaklinga og félaga eða fyrirtækja sem heyra undir I. bálk hinna almennu áætlana (hér eftir nefndir „réthafar“) og óska eftir að stunda starfsemi þá sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Starfsemin sem hér um ræðir heyrir undir tilskipun ráðsins 74/557/EBE ⁽²⁾ frá 4. júní 1974 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga og milliliða til að veita þjónustu á sviði verslunar með og dreifingar á eiturefnum.

Þessi tilskipun tekur einnig til starfsemi sem felur í sér notkun eiturefna í atvinnuskyni hafi höft á slíka starfsemi þegar verið afnumin eða verða afnumin með eftirtöldum tilskipunum:

— Tilskipun ráðsins 65/1/EBE ⁽³⁾ frá 14. desember 1964 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á rétti til að veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju;

— Tilskipun ráðsins 67/654/EBE ⁽⁴⁾ frá 24. október 1967 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í skógrækt og skógarhöggi.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 307, 18. 11. 1974, bls. 5.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 1, 8. 1. 1965, bls. 1/65.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. 263, 30. 10. 1967, bls. 6.

- Tilskipun ráðsins 71/18/EBE ⁽¹⁾ frá 16. desember 1970 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju;
- Tilskipun ráðsins 74/.../EBE frá ... um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna ýmiss konar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga (ISIC úr yfirflokkum 1–85) með tilliti til þeirrar starfsemi sem heyrir undir þá tilskipun og sem tilheyrir ISIC flokki 859 og felur í sér notkun eiturefna.

3. Bráðabirgðaráðstafanirnar gilda einnig um þá einstaklinga sem stunda starfsemi þá sem um getur í 2. mgr. sem launaðir starfsmenn, á sama hátt og 1.–4. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 74/557/EBE.

2. gr.

Ef aðildarríki setur það að skilyrði fyrir því að hefja og stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 1. gr. að viðkomandi búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu, ber því aðildarríki að viðurkenna sem næga sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni þá staðreynd að hlutaðeigandi hafi stundað umrætt starf í öðru aðildarríki eitthvert eftirtalinna tímabila:

- a) í fimm ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu þó má starfinu ekki hafa lokið fyrr en tveimur árum fyrir þann dag er umsóknin sem um getur í 2. mgr. 4. gr. var lögð inn;
- b) í tvö ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu, ef réttthafi hefur undir höndum hæfnisvottorð fyrir umrædda starfsemi sem heimilar honum að starfa við sölu eða dreifingu á eiturefnum í upprunaríkinu eða ríkinu sem hann kemur frá;
- c) í þrjú ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu ef réttthafi getur sannað að hann hafi hlotið þjálfun vegna starfsins og hafi vottorð þar um sem viðurkennt er af hlutaðeigandi ríki eða hann hafi fullnægt skilyrðum þar til bærts fagfélags eða -samtaka;
- d) í þrjú ár samfleytt sem launþegi ef réttthafi hefur undir höndum hæfnisvottorð fyrir umrædda starfsemi sem heimilar honum að starfa við sölu eða dreifingu á eit-

urefnum í upprunaríkinu eða ríkinu sem hann kemur frá;

- e) í fjögur ár samfleytt sem launþegi ef réttthafi getur sannað að hann hafi hlotið þjálfun vegna starfsins og hafi vottorð þar um sem viðurkennt er af hlutaðeigandi ríki eða hafi fullnægt skilyrðum þar til bærts fagfélags eða -samtaka.

Þessi grein lýtur aðeins að sölu og dreifingu innpakkaðra eiturefna sem afhent eru notanda í upphaflegum umbúðum.

3. gr.

Ef aðildarríki setur það að skilyrði til að fá að stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. 1. gr. að viðkomandi búi yfir almennri, viðskipta- eða fagþekkingu, ber því aðildarríki að viðurkenna sem næga sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni þá staðreynd að hlutaðeigandi hafi stundað umrætt starf í öðru aðildarríki eitthvert eftirtalinna tímabila:

- a) í sex ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu þó má starfinu ekki hafa lokið fyrr en tveimur árum fyrir þann dag er umsóknin sem um getur í 2. mgr. 4. gr. var lögð inn;
- b) í þrjú ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu, ef réttthafi hefur undir höndum hæfnisvottorð vegna umræddrar starfsemi sem heimilar honum að starfa við sölu eða dreifingu á eiturefnum í upprunaríkinu eða ríkinu sem hann kemur frá;
- c) í fjögur ár samfleytt annaðhvort á eigin vegum eða í stjórnunarstöðu ef réttthafi getur sannað að hann hafi hlotið þjálfun vegna starfsins og hafi vottorð þar um sem viðurkennt er af hlutaðeigandi ríki eða hann hafi fullnægt skilyrðum þar til bærts fagfélags eða -samtaka;
- d) í fjögur ár samfleytt sem launþegi ef réttthafi hefur undir höndum hæfnisvottorð vegna umræddrar starfsemi sem heimilar honum að starfa við sölu eða dreifingu á eiturefnum í upprunaríkinu eða ríkinu sem hann kemur frá;
- e) í fimm ár samfleytt sem launþegi ef réttthafi getur sannað að hann hafi hlotið þjálfun vegna starfsins og hafi

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 8, 11. 1. 1971, bls. 24.

vottorð þar um sem viðurkennt er af hlutaðeigandi ríki eða hafi fullnægt skilyrðum þar til bærs fagfélags eða -samtaka.

Ákvæði a-, c- og e-liða gilda ekki um starfsemi sem felur í sér notkun á nokkrum mjög eitruðum efnum sem talin eru upp hér að neðan:

- blásýru og leysanlegum söltum hennar,
- flúorsýru og leysanlegum söltum hennar,
- akrýlonítríli,
- ammoníaksvökva,
- metýlbrómíði,
- klórópíkríni,
- vetnisfosfíði og efnum sem gefa það frá sér,
- etýlenoxíði,
- koldísúlfríði,
- koltetraklóríði,
- tríklórasentónítríli.

Að því er varðar beitingu ákvæða b- og d-liða vegna þessara mjög eitruðu efna verður að koma fram á hæfnisvottorði hvaða efni réthafi hefur leyfi til að nota í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá.

Í því tilviki má starfsemi réthafa ekki hafa lokið fyrir en tveimur árum fyrir þann dag er umsóknin sem um getur í 2. mgr. 4. gr. var lögð inn.

4. gr.

1. Einstaklingur telst hafa gegnt stjórnunarstöðu samkvæmt 2. og 3. gr. hafi hann haft eftirfarandi störf með höndum í atvinnu- eða verslunarfyrtæki:

- a) veitt fyrirtæki eða útibúi forstöðu; eða
- b) verið fulltrúi eiganda eða forstöðumanns fyrirtækis þar sem slík staða felur í sér sambærilega ábyrgð og eigandi eða forstöðumaður ber; eða
- c) verið í stjórnunarstarfi með ábyrgð á sviði sölu eða dreifingar eiturefna og með ábyrgð á að minnsta kosti einni deild fyrirtækisins, eða í stjórnunarstöðu með ábyrgð á notkun umræddra efna.

2. Leggja skal fram sönnun þess að skilyrðum 2. og 3. gr. sé fullnægt með vottorði er lögbært yfirvald eða stofnun í landinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá gefur

út, skal það lagt fram til stuðnings umsókn hans um leyfi til að stunda umrædda starfsemi í gistiríkinu. Slíkt vottorð skal staðfesta, eftir því sem við á, hvort leyfið sé, í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá, takmarkað við að hefja starfsemi varðandi dreifingu eiturefna eða starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni eða hvort einhver eiturefni eru undanskilin hvað síðasttöldu starfsemina varðar.

3. Aðildarríkjunum ber, innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 7. gr., að tilnefna lögbær yfirvöld eða stofnanir sem eiga að gefa út umrædd vottorð sem kveðið er á um í 2. mgr. og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

5. gr.

Ef hæfnisvottorðið sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. eða vottorðin sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. heimila í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hlutaðeigandi einstaklingur kemur frá aðeins aðgang að starfsemi sem tengist dreifingu eiturefna eða starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni eða undanskilja ákveðin eiturefni hvað varðar síðarnefndu starfsemina, getur gistiríkið beitt sömu takmörkunum á eigin yfirráðsvæði og á sama hátt undanskilið frá starfsemi sem felur í sér notkun eiturefna í atvinnuskyni, efni sem hafa sömu samsetningu og virkni og þau sem hæfnisvottorðin og vottorðin undanskilja eða fela í sér sömu áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra og plantna, annaðhvort beint eða óbeint úr umhverfinu.

6. gr.

Tilskipun þessi gildir þar til ákvæði um samræmingu innlendra reglna er tengjast aðgangi og ástundun umræddrar starfsemi tekur gildi.

7. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan sex mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkjunum ber að sjá um að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 4. júní 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

J. ERTL

forseti.